


9 janúar 2017

Hættir öllum tónleikum.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint.



Bítlarnir hættir opinberu tónleikahaldi.



Þegar meðlimir The Beatles ákváðu að hætta öllu tónleikahaldi árið 1966 má reikna með að fólkid sem fylgdist með og var í þessari hringrás hafi spurt sig vissra spurninga um framtíðina, The Beatles, og hvað nú verði. Í þann tíð heyrðum við (aðdáendurnir) bara þessa frétt og fannst hún vitaskuld ekkert sérstaklega góð frétt en hvorki fengum né veltum fyrir okkur hvað byggi að baki. Til að fá velt því fyrir sér skorti meiri upplýsingar. En þær lágu ekki á lausu mitt í sjálfri atburðarásinni. Skiljanlegt skoðaða með augum viðskiptanna og því hvað hentaði og hvað ekki. Allt

var þetta samt gert kunnugt. En samt ekki fyrr heldur en að menn byrja að kafa ofan í alla þessa Bítlasögu. Þá bæði kom fram umfangið og margt sem gert var á bak við tjöldin þar sem alla rákvarðanir eru teknar. Allt til að skíra málið sem ekki nokkur maður vissi á meðan allt fjörið stóð og gekk yfir okkur þessa ágætu aðdáendur sem gleyptum allt saman í okkur en skoðuðum málið ekki heilstætt, eins og síðar varð hjá mörgu okkar. Og kannski eins gott. Er

enda tími fyrir allt. Líka að skoða mál betur. Um margt sem við vitum í dag vissi ekki nokkur maður þá, nema auðvitað Bítlarnir sjálfir og fólk sem með þeim var. Saga Bítlanna er skemmtilegt viðfangsefni.

Kannski að þöggun sumra mála af Bítlameiði hafi verið viljandi gert og menn talið betra að sumt sem gerðist færi ekki of hátt. Allt ósköp eðlilegt. Mennt hafa ekkert til að spila úr nema andartakið. Framfyrir það er ekki mögulegt að sjá og getur sagt við okkur: Farið varlega“.

Sagan á hinn bóginn hirðir ekki um neitt svoleiðis bull heldur kemur hún fram án umbúða. En samt ekki fyrr heldur enn allt er um garð gengið og hægt að grafast fyrir um eitt og annað í rólegheitum og vinna með staðreyndir og sjá vettvanginn öðru ljósi og birta efni sem fæstir vissu um. En með þeim hætti er líf okkar mannanna oft merkt að við viljum ekki að allt sem við gerum sé með neinum öðrum en okkur sjálfum kunn né sé á allra vörum. Viljum svolítið sjálf fá að hafa hönd á bagga með hvað fréttist og hvað liggir í þagnargildi. Það getur vel varið okkur og verið sitt merki um hyggindi. Ekkert okkar eru stök sker heldur fylgir hverju okkar nokkur hópur fólks sem mögulega dregst inn í allskonar okkur tengdum að margt þarf að skoða. Þöggun getur auðsjáanlega átt sinn fyllsta rétt á að vera beitt. Í henni falist ákveðin vernd þó stundum sé henni beitt til að hylma yfir með fólki sem er kannski sekt. Ekki alveg sama málið.

Sagan hugar að engu svona heldur því sem gerðist. Það er hið eina sem sögunni varðar um. Ekki mínar eða þínar útskýringar. Enda til að svara þörf okkar sem leitumst eftir að fá söguna alla fram og þyrstir eftir meiri fróðleik og er máski hin hlið margra af okkur á eftirfylgni við Bítlanna og sjálfs Bítlaæðisins, sem ekki er síður skemmtileg. Að hafa báðar hliðar bjartar getur ekki verið neitt nema gott eitt um að segja. Til að svo geti orðið þarf að gramsa hressilega ofan í sögukistunni. Það er með þeim hætti sem heildarmynd kemst á. Fer reyndar eftir því hvað af sögunni sé togað upp. Sumir hafa stoppað við þann part sem eiturlyfin voru flæðandi í. En til hvers er það? Eiturlyfjaneysla er bölvöldur á hvaða tíma sem er. Vissulega var hún þarna með og er sinn sannleikur en sagnaritara að velja hvað honum finnst bitastætt og fer því í annarskonar skoðun heldur en þessa. Af mörgu er að taka. Sagan er þarna og misjafnlega merkileg. Og ég vel fyrir mig hvað nota skal úr henni.

Viðskipti samfara Bítlaæðinu.

Vel má halda því fram að Bítlaæðið hafi líka verið viss viðskipti sem notað var til að selja allskonar og nafn The Beatles notað á sinn hátt til að auka þessi viðskipti. Í öllum viðskiptum er málið að græða.

Bítlarnir skiptu unga fólkið máli.

Á þessum tíma (1966) skiptu The Beatles margt ungt fólk orðið talsverðu máli og þyrsti það eftir að fá að vita helst allt sem væri að gerast kringum þá. Þeir voru aðilarnir sem drifu vagninn meira en aðrir sem þá voru og að kvað. Mikill gæði voru framleidd á þessum tíma af einkum söngvameiði. Þessi tími var uppspretta margs góðs fyrir þetta fólk (aðdáendur) sem naut, en leiddi ekki hugana að því sem var baksviðs. Enda erfiðara að eiga við og ekki vitandi hvert eigi að leita.

Ósanngjarnt væri að tala ekki um það að á bak við alla þessa aðdáun sem fólkið fyllti sig af bjó líka svolítill eigingirni hjá skara aðdáenda og verður að segjast eins og er að væri eins og fer hjá öllum sem hugsa meira um eigin hag en annarra. Og gleyma þá auðvitað að á bak við

átrúnað þeirra voru bara manneskjur með sínar langanir og þrár sem vildu fá að lifa eins og hver önnur og vera í friði. Allt þetta kom á ljós er fjörið var hætt og blessuð sagan kominn til skjalanna kallandi þessi orð til okkar: „Hér er ég. Sjáið hvað ég hef að segja“. Sagan er partur alls lífsins og ekki sá ómikilvægasti. Alltént fyrir komandi kynslóðir.

Meira um ákvörðunina að hætta tónleikaferðum.

Til að skilja betur ástæðuna fyrir þeirri ákvörðun fjórmeninganna að segja Bítlatónleikum lokið er sagan hvað gagnlegust. Hún dregur fram atriði sem gera okkur kleyft að skilja betur aðdragandann. Hún opinberar okkur öll stormviðrin sem í kringum þetta var og allt brasið sem þeim mætti á ferðum sínum um heiminn og útskrir sumt allvel.

Að sjá var ótalmargt sem leiddi til að hætt var að fara í svona tónleikaferðir. Ekkert eitt atriði getur hafa stuðlað að þessu hjá hljómsveit sem vildi í grunninn spila fyrir framan fólk eins og í eðli hljómsveita er að gera. Ljóst er að í sarpinn safnaðist með tímanum sem að lokum eitt atriði varð til að mælirinn fylltist. Svona er þetta oft að röð atvika koma upp og menn á einum stað segi „*Stopp*“. Margt kærú vinir er erfitt að þræta fyrir.

Megi draga hring utan um eitthvað þarna væri það eflaust atburðirnir sem hljómsveitin mætti á Filippseyjum. Fljótlega eftir þá ferð var gefin út frétt sem leit einhvervegin svona út: „Bítlarnir hætta að fara í tónleikaferðir“.

Höfundur og margir með honum einnig muna eftir að Sir Paul McCartney lét hafa svolítið eftir sér málinu tengt í samtali við blaðamann eftir að ljóst var orðið að þessum kafla Bítlasögunnar væri lokið. Sir Paul gefur þó loðna skýringu á bakrunni ákvörðunarinnar. Blaðamaðurinn á einum stað samtalsins spurði á einhverveginn þessa leið: „Þið viljið sem sagt ekki spila lengur fyrir fólkið“? Paul svaraði um hæl og sagði að vissulega vildu þeir halda áfram að spila fyrir fólk: „En ef engin hlusti á þá og þeir heyri ekki í sjálfum sér fyrir hávaðanum í fólkinu eru allar framfarir hjá okkur útilokaðar“ – Heilmikið til í þessu hjá honum og var partur af ákvörðuninni loks er hún kom. Engin efi leikur á því. En meira þessu bjó að baki. Margt var gert opinbert í málinu eftir að „Bítlabáturinn“ var hættur að sigla og minningin ein eftir sem gefur færi á svona vinnu. Þá er nefnilega hægt að koma og ljúka ýmsum kistum upp. Ekki fyrr.

Eins og fram kom ofar var Bítlaæðið allt líka sín viðskipti og má sjá þess víða merki að menn notfærðu sér andartakið til að efla þau, ekki til að tapa heldur græða á öllu saman. Eftir að bátnum hafði verið lagt við bryggju síðasta skipti sáu menn sér leik á borði að ganga nú til liðs við söguna og rita um allt þetta sem á gekk, gegnum hana. Hundruð bóka hafa verið skrifaðar um ferð okkar með Bítladraumnum og er um þessar mundir verið að skrifa enn eina bókina sem heitir „Bítlarnir telja í“ sem er bók mikil að vöxtum og feikna vel gerð og hefur fengið lof flestra sem hana hafa lesið, bæði leikir og lærðir. Fyrsta bindi er komið út og tvö á leiðinni. Fari allt sem horfi. Um áreiðanleika allra þessar bóka skal ósagt látið en margar áreiðanlega eigulegustu gripir. Bítlaáratugurinn er um margt einkennilegur tími.

Mikið skipulag fylgdu Bítlatónleikum.

Hljómleikatúr hjá hljómsveit með stöðu The Beatles var meira en að segja. Ekki var nóg að ákveða yfir tebola og fáeinum símtölum að fara í einn og annan hljólmleikatúrinn um heimsbyggðina heldur varð allskonar skipulag að fylgja með til að tryggja að allt færi fram samkvæmt reglum og öryggi allra sem í hlut áttu gætt. Allskonar fólk kom að málum þar sem

Bítlatónleikar voru haldnir og þeim fylgdi sjálfum nokkur fjöldi. Einnig voru menn í vinnu fyrir þá í löndunum sem þeir hugðust koma til sem sáu um ýmis verk sem gera þurfti. Lögreglan á stöðunum var höfð með í ráðum sem viðhafði aðgerðir af sinni hálfu og viðbúnað vegna þeirra. Hvert sem þeir fóru var gert í lögreglufylgd. Annað var óhjákvæmilegt vegna ágangs aðdáenda. Yfirvöld á sinn hátt komu að málinu. Lögregluliðið má víða sjá á myndefni tengt Bítlunum. Það sýnir her lögreglumanna á stjái gangandi og hjólandi um göturnar eða ríðandi um á hestum er ekið var með þá um vissar og fyrirfram valdar götur. Á sinn hátt voru meðlimir The Beatles sýningargripir sem sumum af þeim fannst ekki sérlega skemmtilegt, eins og kom fram síðar hjá sumum af þeim en heyrðist ekki af á meðan allt var á hæsta stað. Að segja fréttina þá hentaði ekki. Aðdáendur mundu máski styggjast af. Eins og áður segir voru þarna líka viðskipti í gangi og hagsmunir sem sumpart var verið að verja með því að segja ekki allt. Fólkið í annan stað þyrsti eftir að fá að sjá þá og nokkuð sem þeir fljótlega áttuðu sig á að væri en við, þessir frábæru aðdáendur, ekki á þeim tíma heldur bara vildum vera þar sem Bítlarnir voru. Enda heilluð og fönguð af sefjuninni. Ágæti lesandi! Stundum er mannkindin einkennilegt fyrirbæri.

Voru Bítlatónleikar uppþot?

Bítlatónleikar voru ekki tónleikar í þeim skilningi að fólk sæti þrútt og stillt á þeim og hlýddi á fagra söngvanna heldur voru þeir uppundir það að vera uppþot. Þó það orðalag sé kannski fullsterkt. Ókyrrðin í salnum stafaði öll af hrifningaröldunni sem á staðnum var og fjórmenningarnir á sviði ollu. Þannig var þetta.

Talað var um að salir sem Bítlatónleikar voru haldnir í væru ekki glæsilega útlítandi eftir tónleika af auðvitað öllum troðningnum í sal en samt ekki gert af neinni skemmdarfýsn ungliðanna heldur geðshræringu sem greip um sig í hópnum og tilfinningum sem fengu þarna útrás og birtust í allskonar myndum. Mest öskrum. Um nákvæmlega þetta atriði, ástand sumra salanna, var af sumum rætt hér uppi á Íslandi og það talið hafa dregið mjög úr áhuga manna á að reyna að fá hljómsveitina til landsins til tónleikahalds þó áhugi yngri fólksins væri til staðar og að þeir hefðu mætt með peninga frá mömmu og pabba. Voru þeir sem ákvörðun tóku fólk sem eldra var en fólk Bítlaæðisins og með nokkuð önnur viðhorf uppi en Bítlaæðisfólkið. Hver möguleikinn á hinn bóginn var á að koma ekta Bítlatónleikum í kring hjá jafn umsetinni hljómsveit og The Beatles skal ósagt látið.

Sjálfur gaf Ringo Starr út í samtali við íslenskan blaðamann sem tók við hann viðtal út í Amsterdam í Hollandi, í minnir höfundu, að þeir hefðu ekkert á móti því að koma hingað og halda tónleika „Í snjóhúsi“- eins og Ringo sjálfur orðaði þetta háðskur mjög í framan og í rödd.


Það að efna til Bítlatónleika á Íslandi á þessum tíma var ekki neitt einfalt mál og þröskuldur helstur að heppilegur húsakostur var ekki í boði. Undir Bítlatónleika þurfti stór húsakynni sem gætu mætt þeim fjölda sem reikna mátti með að vildu sækja slíka tónleika þó ljóst væri að áhugi íslenskra ungmennanna væri svipaður og gerðist annarstaðar og í engu neitt minni. Með húsnæði til hliðsjónar að þá voru Bítlatónleikar aldrei inn í myndinni á Íslandi. Maður sér það alltént ekki. Mann höfundur ekki eftir neinni alvöru umræðu um að til stæði að fá The Beatles hingað. Sjálfsagt hefur málið verið reifað af þeim sem það snerti og stóðu í að fá til landsins þekkt og fræg bönd. Eftirminnegasta bandið sem nefna má er The Kinks sem stóðu á hátindi eigin ferils er þeir sóttu landið heim og gerðu stormandi lukku. The Hollies og nokkur önnur fræg bönd skruppu og yfir hafið og ærðu og trylltu ungliða landsmanna þó

höfundur jafn Bítulóður og hann var missti af öllum þessu en frétti af sumu gegnum vini sem fóru.



George Harison lét hafa eftir sér í viðtali löngu seinna að hvar sem þeir komu hafi komu þeirra harðlega verið mótmælt af sumum hópum fólks, oft öfgahópum sem ekki víluðu fyrir sér að beita ofbeldi og voru sumir þekktir af, sem sögðu þá hafa vond áhrif á unglunga landanna. En voru þessir hópar þá fyrirmynd fyrir sama ungvíði? Ætli það. Sjálfsagt var margt sem hjálpaði meðlimum The Betles að komast að þessari niðurstöðu að fullreynd væri fyrir hljómsveit á borð við The Beatles að eiga neitt meira við opinbera tónleika. Og þeim var hætt og heimi öllum opinberuð ákvörðunin. Stærri frétt hefur vart verið í loftinu á þeim tíma fyrir stóran hóp fólks.

Víkjum stundarkorn að öðru og förum svo aftur í hitt.



Sú saga er til að foreldrar hafi kallað á börn sín út um gluggann heima hjá sér væri verið að spila Bítlslag í útvarpinu og þau að leika sér á blettinum fyrir utan húsið og sleppt öllu sem haldið var á og komið í kapphlaupi hvert við annað heim til sín til að heyra Bítlslagið. Væru þau snögg var aldrei að vita nema lagið væri þeirra frá byrjun.

Sá háttur var hafður á í ranni Ríkisútvarpsins að þulur kynnti næsta lag ásamt flytjenda að smá tími gafst til að stökkva út í glugga og kalla á krakkanna sem tóku á harða sprett og létu ekki segja sér tvisvar. Annað en var væri kallið sendiferð. Þá var eins og heyrnina skorti. Við sjáum að Bítlaæðið

var merkt svolíttilli eigingirni hjá Bítlaóðum. Vel má samt tala um vissa hugulsemi af hálfu foreldra þessara barna að gera með þessum hætti og að þau sýnt af sér vissa næmni fyrir þörfum barna sinna og um leið viðurkenningu á hugahreimi sem þau voru í varðandi þessa fjóra Ensku menn, sem sjálfir voru rétt stignir yfir í fullorðinsárin og heimur allur á leið til þeirra.

Höfundur bjó við engin höft heimafyrir á tímabili Bítlaáhuga síns þó ekki minnst hann þess að á sig hafi verið kallað út um glugga heima er Bítlalagi væri leikið í útvarpstækinu þó ekki hefði hann neitt haft á móti slíku en líklega ekki leitt hugann að. Og kannski líka gerði hann það og kannski gleymdu foreldrarnir að bregðast við eða væru með slökkt á útvarpstækinu og því útilokað að sönglag af Bítlameiði bærst mömmu og pabba til eyrna og þau því engan geta kallað í. Og kannski brást hann fúll við kæmi eitt, að ekki sé talað um tvö í röð, og hann ekki látin vita þrátt fyrir hugsanlega beiðni þar um. Sem hann reyndar minnst ekki. Mörg smáatriði úr eigin Bítlasögu eru horfin úr minninu, þó margt sé þar enn og ennþá við hestaheilsu en á það minnt að langt eru um liðið og ýmislegt gerst á lífsleiðinni sem hefur beint huga og kröftum í aðra átt en þælinga um The Beatles.



Foreldrar barnanna voru sér auðvitað meðvitaðir um hvers kyns væri og vitandi um margar og eða fáar myndir af átrúnaðargoðum þessum límdu upp á vegg inn í herbergi barna sinna með öðrum stjörnum og var sinn sérstaki tíðarandi á þessum tíma. Og svo sem engin nýlunda því plakatamenningin er eldri og til sögur af ungmennum frá því um nítján hundruð og fjórtíu sem límdu myndir af stjörnum upp á vegg hjá

sér. Meira samt kvikmyndastjörnum en meðlimum hljómsveita, eins og gildi í mínu tilviki og minnar kynslóðar.

Máski gildi sama hjá Bítlunum sjálfum á meðan þeir enn voru börn og unglingar um kapp þá sem á þeim tíma hæst trónuðu. Og hví ekki? Enda í engu neitt öðruvísi öðrum börnum og unglingum þó heimsfrægð biði þeirra síðar meir. Engin veit sína ævi fyrr heldur en öll er.

Einnig eru til fréttir af því að væru foreldrar með börn sín í bíltúr og Bítlalagi heyrðist í tækinu að ökumaður stöðvaði bifreið sína þar sem vel heyrðist í útvarpinu og héldist þar við uns söngurinn væri á enda og setti þá í gír. Bítlarnir höfðu áhrif og oft meiri en margur áttar sig á.

Á þessum tíma voru bílútvarpsmál með þeim hætti gerð að nokkrir dauðir blettir voru víða í bæjunum sem gerðu að verkum að útvarpið datt út og pompaði inn aftur þegar geislinn hitti bílloftnetið. Engin unandi Bítlatónlistar varð yfir sig hrifinn dytti söngurinn út í miðjum klíðum og því eins gott að stöðva bílinn á góðum stað þar sem tónninn var stöðugur uns allt væri um garð gengið. Bítlasöngurinn hafði forgang væri fólk á ákveðnum aldri með í bílferðinni. Og við vitum að börn með foreldrum fá ýmsu framgengt.


Bítlatónar verða meira útpældir.

Sem sagt að þá var það árið 1966 sem Bítlarnir létu af öllu opinberu tónleikahaldi og er sagt að þeir hafi þá horfið inn í hljóðver og að þá hafi byrjað nýr ferill hjá hljómsveitinni þar sem svona meiri pælingar komu fram í tónlistinni sem þeir bjuggu til. Alltént var fyrsta platan sem kom út eftir að þessum kafla hljómsveitarinnar lauk hljómplatan „Revolver“ með útgáfudag 5 ágúst 1966. Því má vel halda fram að platan „Rubber Soul“ sé þá síðasta platan á meðan tónleikar voru enn hlutskipti sveitarinnar knáu. En hún er á undan hinni. Sagt vegna þess að nýr kafla Bítlasögunnar hófst í sama mund og tónleikunum líkur. Þó er líklegt, reyndar ljóst, að betur athuguðu máli að „Revolver“- platan sé unnin á tíma hljómleikaferðanna en samt gefin út um svipað leiti og þeir ákveða að segja þeim (hljómleikaferðunum) upp, ef svo má að orði komast og því hægt að flokka hana með efni sem var gefið út eftir að þann tíma bar að í ranni The Beatles.



Með Revolver verða alltént viss kaflaskipti á ferli The Beatles sem benda sterkt til meiri vinnu og vangavelta og að meira hafi verið pælt og unnið með einstök atriði en máski áður var. Allt slíkt kemur með meiri tíma sem menn hafa.

Hvort hljómplatan „Rubber Soul“ sé fyrsta plata Bítlanna þar sem heyra má í sítar mann höfundur ekki en þar allavega kemur hann fyrir og til kominn vegna áhuga George Harrison á hljóðfærinu og indverskum trúarbrögðum og fór að æfa sig á þessa gerð hljóðfæris og náði tókum og notaði að minnsta kosti á tveim Bítlaplötum sem vakti eins og vonlegt er viss viðbrögð og sumpart hrifningu. Eftir að sítarhljómurinn heyrðist bar æ meira á honum á plötum annarra hljómsveita, en stóð samt ekki lengi. Ekki heldur Bítlunum. Sum hljóðfæri henta ekki sumri tónlist. Enda detta þau yfirleitt aftur út og hljóðfæraskipanin verður hefðbundnari. Rokk bíður upp á ákveðin hljóðfæri og umfram önnur. Sítar er frábært hljóðfæri en samt hentugri við aðrar tegund músíkur en rokk. Þarf allavega að fara varlega í beitingu hans þar, er skoðun höfundar.



Söngurinn knái eftir Sir Paul McCartney „Peperback Writer“ kom út á lítilli plötu 30 maí árið 1966. Hann er ekki að finna á LP- plötu Bítlanna „Revolver“ né heldur söngur B- hliðar „Rain“ eftir Lennon. Bæði fallegir söngvar og áhöld um hvort eldist betur. Tíminn leiðir öll gæði í ljós, eins og svo margt annað hér hjá okkur.


Yfirleitt var það gert að gefa út litla tveggja laga hljómplötu nokkru á undan stórra LP- hljómplötu til að máski ryðja henni braut. Vildu menn eignast söngva þessa urðu þeir að gjöra svo vel að fá sér litlu 45 snúninga skífuna. Sumir áttu til stafla af litlum plötum og sjálfur átti maður þær nokkrar og sumar þaktar

rispum. Hljómplata var nokkuð vandmeðfarin og þurfti nærgætni við þær.

Er „Paperback Writer“ kom út í maí 1966 var ekki sökum að spyrja að lagið rauk beint upp í fyrsta sæti vinsældarlistans Breska. Í frétt um málið segir að smáskífan hafi komið út í júní 1966. Líklega er þar átt sé við á Íslandi. Smá tíma tók að koma nýjum plötuútgáfum yfir hafið.

Á vinsældarlistanum Breska er þá fyrir í fyrsta sæti lag heiðursmanns sem lengi hafði verið við þetta og milljónir hrifust af út um allan heim og er Frank Sinatra með söng sinn „Strangers in the night“ sem þarna vék fyrir ungu mönnunum í The Beatles. Söngur Sinatra varð gríðarlega vinsæll og lifir enn með okkur og heyrst annað veifið. Er lag Bítlanna var komið efst segir að það sé í ellefta sinn sem slíkt gerist hjá The Beatles á Breskum vinsældarlista.

The Beatles í Candlestick Park í San Francisco.



Það var í ágúst árið 1966 sem Bítlarnir héldu tónleika í Candlestick Park í San Fransisco og er myndin til hliðar tengd þeim atburði. Hljómleikarnir allir voru kvikmyndaðir, án þó vitundar neinna manna nema þeirra sjálfra og kvikmyndatökumanna sem um verkið sáu. Hafði myndin enda aldrei verið sýnd er unnin var frétt um tilurð hennar 4 febrúar árið 1983 og hún þá dregin fram. Þetta telur höfundur að sé kvikmynd af seinustu tónleikum Bítlanna. Segir sagan að þeir hafi lokið þeim vestur í Bandaríkjunum, að alltént margt bendir til að myndin sé frá þeim tíma og því verðmæt sem slík.

Í heil 17 ár lá eintak af myndinni upp á háalofti hjá Bítlunum sem þá voru enn lifandi og hafði aldrei á þessum tíma verið sýnd nokkrum manni og bara legið upp á þessu háalofti og rykfallið þar.

Ástæða þess að myndin fær á þessum tíma athygli er óánægja Bítlanna með frammistöðu EMI sem gaf út fyrir jólin 1982 nýja vídeó mynd sem Bítlarnir voru

fráleitt ánægðir með og réðust í það verk á laun að gera nýja mynd sem efnið frá tónleikunum

1966 er uppistaðan í, saman við eldra efni. Myndin hlaut nafnið: „The Long and Winding Road“ sem á íslensku útleggst: „Leiðin langa og stranga“.

Derek Taylor, blaðafulltrúi Bítlanna á sínum tíma, sá myndina og átti ekki orð til að lýsa hve góð honum fannst hún: „Hún sýnir svo margt, sem nú er gleymt. Sérstaklega hvað þeir voru stórkostlegir,“- segir Derek. „Ekki er að efa að gamlir aðdáendur Bítlanna iða í skinninu eftir að sjá þessa mynd.“- Segir í lok fréttarinnar.

Höfundur verður að játa að þessi vinna og myndin sjálf fór algerlega framhjá honum og heyrði hann fyrst um hana nú er hann fór að vinna þetta efni sem hér birtist. Til að athuga málið frekar kíkti hann stundarkorn inn á YouTube síðuna og fann þetta efni þar og skoðaði lítillega og sá að var um klukkutíma langt. Í fljótu bragði virtist myndefnið gamalkunnugt en kannski ekki á þessum tíma sem hún var gefin út á. Var allt aðgengi svona efnis meira hippsum happs í þá daga en er allt gerbreytt í dag með tilkomu Internetsins. Seinna gefur hann sér tíma til að líta á efnið frá upphafi til enda. YouTube síðan verður áfram í gangi og hægt að nálgast þar þegar hentugt tækifæri gefst.



Ferð The Beatles til Filipseyja.



Það var 5 júlí 1966 sem The Beatles yfirgaf Filipseyjar eftir að hafa verið þar með auglýsta tónleika. Ferðin var söguleg vegna meðferðarinnar sem hljómsveitarmeðlimir fengu í þessu einræðisríki og mátti líklega litlu muna að þeir kæmust óskaddaðir í gegnum æstan og reiðan grúann. En Bítlalæðið hafði þá náð þangað þó að lyktir hafi verið með þeim hætti sem varð og yfirvöld Filipseyja á þeim tíma voru völd að. Sannleikurinn er að The Beatles voru sérlega vinsælir á Filipseyjum um þær mundir.

Skoðum hluta greinar og hreint ágætlega unna og skrifaða sem birt var í Morgunblaðinu 6 júlí 1986 eftir Peter Brown og Steven Gain í samantekt Ólafs Arnalds. Þess má geta að Peter Brown var einn af framkvæmdastjórum Bítlanna og náinn vinur Johns Lennon og Yoko Ono. Skrif þessara manna útskýrir ágætlega hví The Beatles hætta opinberu tónleikahaldi er hæst stóð á stönginni. Höfundur verður að fá að hafa svo flotta samantekt sem þessa með hér og vonar að engum mislíki þetta uppátæki hans. Gjörrið svo vel:-

„Þegar þeir komu til Filippseyja komu 50.000 eyjaskeggjar til að fagna hetjunum á flugvelli. Herinn skáskaut Bítlunum og föruneysi þeirra í gegnum mannfjöldann inn í glæsivagna sem hljómsveitin hafði á leigu.

Daginn eftir komu nokkrir óeinkennisklæddir herlögreglumenn frá forsetahöllinni á hótelið þar sem þeir dvöldust. Þeir heimtuðu að fá að vita hvenær Bítlarnir myndu koma í „boðið“.

„Hvaða boð?“ spurði Vic Lewis, einn af aðstoðarmönnum Bítlanna sem varð fyrir svörum. „Ég veit ekki um neitt boð. Hann beindi herlögreglumönnum til Brians Epstein, framkvæmdastjóra Bítlanna, sem var að drekka morgunkaffi með Peter Brown.

Herlögreglumennirnir voru ógnandi og heimtuðu aftur að fá að vita hvenær Bítlarnir myndu koma í „boðið“.

Epstein og Brown tókst að toga upp úr lögreglumönnum að Imelda Marcos forsetafrú héldi hádegisverðarboð til heiðurs Bítlunum, og þeirra væri vænst sem fyrst í forsetahöllina. Fólk á Filippseyjum óttaðist forsetafrúna jafnvel meira en einræðisherrann, mann hennar. Hún hafði boðið 300 börnum til hallarinnar til að taka þátt í því með sér að hitta Bítlana.

Brian Epstein hélt því fram að þetta væri í fyrsta skipti sem hann heyrði minnst á þetta boð. Hann fékk að vita það síðar að sá er sá um almannatengsl á ferðalaginu hefði tekið á móti þessu boði í Tókýó, en það hefði einhvern veginn farist fyrir að svara. En eins og komið var skipti það engu máli, Bítlarnir færu ekki í neitt boð. Þeir væru sofandi í herbergjum sínum og þyrftu á hvíldinni að halda.

Epstein neitað að vekja þá til að segja þeim að þeirra væri vænst í forsetahöllinni eftir hálf tíma. Nokkrum mínútum síðar voru Epstein og Brown komnir aftur til herbergja sinna.

Þá hringdi sendiherra Breta á Filippseyjum og tilkynnti þeim að það væri óráðlegt að hundska boð frúarinnar. Öll sú hjálp og vernd er þeir nytu á eyjunum kæmi frá forsetahöllinni og Filippseyjar væru ekki rétta ríkið til halda til streitu þeirri venju Bítlanna að neita diplómátskum boðum.

Epstein kvaðst því miður vera harðákveðinn að Bítlarnir færu ekki í boðið. Jafnvel þótt þeir hefðu fengið boðið í tíma myndu þeir hafa hafnað því. Endur fyrir löngu hefði verið ákveðið að neita öllum opinberum boðum, hvort sem ættu í hlut diplómatar, kóngafólk eða einræðisherrar.

Bítlarnir sváfu svefni hinna réttlát á meðan þessir atburðir áttu sér stað. Um daginn héldu þeir tónleika og aðra snemma um kvöldið. Um hundrað þúsund manns sáu hvora tónleika og þeim fylgdi venjubundin histería, öskur og læti.

Meðan á tónleikunum stóð héldu Brown og Epstein kyrru fyrir á hótelinu og horfðu á sjónvarp. Kvöldfréttirnar hófust og þeir sáu Imeldu Marcos eigna vansæla um höllina sína, lítilsvirta af Bítlumum. Þulurinn útskýrði að Bítlarnir hefðu ekki látið sjá sig í boði sem var haldið þeim til heiðurs og til að ýfa enn sárin: Börnin 300 voru mjög vonsvikin, öll munaðarleysingar eða fötluð. Talsmaður hallarinnar sagði eitthvað á þá leið að Bítlarnir hefðu „hrækt í andlit þjóðarinnar“. Á sama andartaki og útsendingunni lauk rauk Epstein í símann og náði sambandi við framkvæmdastjóra ríkisreknu sjónvarpsstöðvarinnar. Ákveðnir í að útskýra málið fyrir íbúum Filippseyja hröðuðu Peter Brown og Epstein sér til sjónvarpsstöðvarinnar og sér til undrunar voru þeir umsvifalaust settir fyrir framan sjónvarpsmyndavélar.

Dagskrá sjónvarpsins var stöðvuð og Epstein var skyndilega staddur í beinni útsendingu. Hann hafði varla hafið mál sitt þegar tilskipun kom frá forsetahöllinni og truflanir hófust á hljóðsendingunni. Útskýringar Epsteins og innileg afsökunarbeiðni náðu aldrei til sjónvarpsáhorfenda.

Næstu nótt var umboðsmaðurinn, Vic Lewis, vakinn upp af værum svefni af herlögreglumönnum og hann fluttur á lögreglustöð. Hann var yfirheyrður af mönnum sem mest líktust Gestapómönnum Hitlers, og heimtuðu í sífelli svar við sömu spurningunni: „Af hverju fóruð þið ekki í boðið?“

Næsta morgun vöktu aðstoðarmenn Bítlanna þá snemma. Einn þeirra pantaði morgunverð og þeir undirbjuggu brottför sína á meðan þeir biðu eftir matnum. En ekkert bólaði á morgunverðinum þrátt fyrir ítrekaðar hringingar og enginn svaraði í hótelmóttökunni. Að lokum fór aðstoðarmaður niður í anddyrið til að kanna hverju þetta sætti. Kyrrð ríkti í anddyrinu. Þar var ekki einn einast hótélstarfsmaður. Allir lögreglumennirnir og öryggisverðirnir sem venjulega voru á stjái í anddyrinu voru á burt.

Fyrir framan hótelið stóðu bílarnir sem hljómsveitin hafði á leigu en sá herskari lögreglumanna sem alltaf þurfti til að koma hinum frægu Bítlum á milli áfangastaða var á bak og burt. Loks birtist öflugur hótélstarfsmaður í anddyrinu og tilkynnti að samkvæmt tilskipun frá hærri stöðum fengju Bítlarnir enga meiri þjónustu á hótelinu. Aðstoðarmaður sá er hafði farið niður í anddyrið til að kanna málin varð forviða við þessar fréttir, þangað til hann rak augun í dagblað sem prentað var á ensku. Risafyrirsögn á forsíðunni var á þessa leið: Bítlarnir vanvirða forsetann.

Um það bil sem aðstoðarmaðurinn snéri aftur til hótelsvítu hljómsveitarinnar með dagblaðið var búið að kveikja á sjónvarpinu og þulurinn var í miðju kafi að segja fréttir af Bítlumum. Þá var ákveðið að yfirgefa landið hið snarasta. Aðstoðarmenn hljómsveitarinnar tóku til við að hlaða á eigin spýtur öllum hljómleikataekjunum í sendiferðabíl sem þeir voru með á leigu. Flugvél KLM-flugfélagsins beið þeirra á flugvöllinum, en án allrar aðstoðar var öruggt að þeir kæmust ekki þangað í tæka tíð og misstu af vélinni.

Brian Epstein hringdi í skrifstofu KLM-flugfélagsins og bað um að fá að komast í samband við flugstjóra flugvélarinnar, sem var þegar farinn um borð. Epstein beindi til hans persónulegum tilmælum þess efnis að skilja þá ekki eftir strandaða í óvinveittu landi. Flugstjórinn samþykkti að hinkra eftir þeim um stund en eftir tiltekinn tíma myndi hann yfirgefa Manila með eða án Bítlanna. Kapphlaupið var hafið. Án fylgdar lögreglunnar virtist sem það myndi taka marga klukkutíma að komast á flugvöllinn í þungri morgunumferðinni.

Og hvort sem það var með ráði gert eða af slysi þá villtust bílstjórnarnir á leiðinni að minnsta kosti einu sinni. Bítlunum og fylgdarliði þeirra brá er þeir komu að flugstöðinni. Flugvöllinum í Manila hafði verið breytt í nokkurs konar herstöð. Þarna blöstu við þeim þúsundir hermanna við alvæpni. Nokkur hundruð reiðra borgara stóðu fyrir utan brottfararbygginguna.

Þegar bifreiðirnar stöðvuðust myndaði múgurinn göng sem hljómsveitin og fylgdarlið urðu að ganga í gegn til að komast til byggingarinnar. Á leiðinni urðu þeir fyrir aðkasti. Þeim var hrint og sparkað í þá um leið og þeir reyndu að hraða sér í gegn án þess að missa stjórn á sér og taka til fótanna.

Þegar þeir komu inn í bygginguna kom í ljós að slökkt hafði verið á upplýsingaskiltunum sem gáfu til kynna brottfararstað og tíma flugvéla. Lyftur og lyftustigar voru sömuleiðis ekki í gangi. Dýrmætur tími glataðist í hlaup fram og aftur við að reyna að finna rétt brottfararhlið, en er hér var komið sögu var nokkuð Um liðið síðan KLM-vélin til Nýju-Delhí átti að vera komin í loftið.

Brian Epstein var örmagna og í svitabaði. Hann spurði í sífellu: „Hvernig gat ég látið þetta henda drengina mína?“ og síðan: „Hvernig gat þetta gerst? Ég get aldrei fyrirgefið mér þetta.“

Bítlarnir voru Epstein mjög reiður og ásökuðu hann fyrir hvað hafði gerst. Og þegar einhver minntist á að þegar væri farið að skipuleggja aðra hljómleikaferð um heiminn á næsta ári, þyrmdi yfir mannskapinn. George Harrison spurði hvort að þessi hljómleikaferð væri árlegur atburður. „Það heyrir hvort eð er enginn eina nótu,“ sagði John Lennon, „ég er búinn að fá mig fullsaddan. Ég legg til að við hætum hljómleikahaldi.“ Þeir enduðu hljómleikaferðina í Bandaríkjunum stuttu síðar og hættu síðan að koma fram opinberlega. Segja má að Imelda Marcos hafi orðið til þess að þessi rómaða hljómsveit hætti að koma fram opinberlega á hljómleikum.“



Gert til gamans og vonandi líka nokkurs fróðleiks.
Kveðja. KRF.